# HRUNAMANNAHREPPUR

**9. FUNDUR HREPPSNEFNDAR**
**KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 1. FUNDUR ÁRSINS**
**VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 13. JANÚAR 2011**
**KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

**Árið 2010, þann 13. janúar kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.**

***Dagskrá fundarins:***
***Erindi til hreppsnefndar:***
1. **Drög að þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps (fyrri umræða )**
2. **Velferðarráðuneytið. Tilmæli til sveitarstjórna að tryggja framfærslu einstaklinga með sambærilegri framfærslu og atvinnuleysisbætur.**
3. **Erindi: Vegagerðin. Undirgöng undir Bræðratunguveg.**

***Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.***
4. **Minnisblað vinnuhóps um athugun á samvinnu í íþrótta- og æskulýðsmálum í uppsveitum Árnessýslu.**
5. **Félagsþjónusta: 133. fundur félagsmálanefndar frá 5. janúar s.l.**

***Kynningarmál:***
- a. **Svæðisráð málefna fatlaðra á Suðurlandi. Ályktun.**
- b. **Skipulags og byggingarfulltrúaembættið: Skipting á kostnaði embættisins 2010.**
- c. **Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið. Innanríkisráðuneytið tekur til starfa um áramót. Skipurit.**
- d. **Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla. Ályktun frá stjórnum.**
- e. **Samband íslenskra sveitarfélaga. Greinagerð til mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á kostnaði við rekstur grunnskóla.**
- f. **Samband íslenskra sveitarfélaga. Athugasemdir KÍ við greinagerð óformlegs vinnuhóps um kostnað við Grunnskóla.**
- g. **Samband íslenskra sveitarfélaga. Minnispunktar vegna hagræðingu í skólamálum.**
- h. **MOTUS: Breytingar á nafni Intrum.**
- i. **Fannborg: Skýrsla.**
- j. **Vegagerðin: Staðfesting á móttöku umsóknar í Fjallvegasjóð.**
- k. **Sorpa. Nýtt skráningarkerfi.**
- l. **Velferðarráðuneytið. Ný viðmiðunarfjárhæð vegna eignamarka við útreikning húsaleigubóta.**
- m. **Velferðarráðuneytið. Ný tekju og eignamörk við lánveitingar til leiguíbúða.**
- n. **Athugasemdir Héraðsskjalasafns Árnesinga við frumvarpi að nýjum lögum um Þjóðskjalasafn Íslands.**
- o. **Vegagerðin: Upplýsingar vegna gildistöku nýrrar reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010.**

***Fundir framundan.***
- p. **Fundur oddvita og sveitarstjóra með félagsamálastjóra 18.janúar n.k.**
- q. **Skipulagsstofnun. Skipulagsmál og hlutverk kjörinna fulltrúa. Námskeið í Kornhlöðunni, Reykjavík 20.janúar n.k.**

**Gengið til dagskrár:**
***Erindi til hreppsnefndar:***
1. **Drög að þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps (fyrri umræða )**
   **Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri fór yfir drög að þriggja ára áætlun Hrunamannahrepps. Í drögunum er ekki gert ráð fyrir fjárfestingum á**

tímabilinu. Drögunum vísað til annarrar umræðu á næsta fundi hreppsnefndar sem haldinn verður 3. febrúar n.k.

2. Velferðarráðuneytið. Tilmæli til sveitarstjórna að tryggja framfærslu einstaklinga með sambærilegri framfærslu og atvinnuleysisbætur. Oddviti kynnti bréf frá Velferðarráðuneytinu um að sveitarfélög gæti þess að einstaklingar á framfæri þess njóti sambærilegra greiðslna og þeir sem fá atvinnuleysisbætur. Hreppsnefnd frestar afgreiðslu málins til næsta fundar.
3. Erindi: Vegagerðin. Undirgöng undir Bræðratunguveg.
   Oddviti kynnti teikningar af fyrirhuguðum undirgöngum undir hinn nýja Bræðratunguveg við þjónustulóð á tjaldsvæði og kostnaðarþátttöku hreppsins. Hreppsnefnd samþykkir að fara í framkvæmdina og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við Trog ehf um jafna kostnaðarhlutdeild í framkvæmdinni.

***Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.***

4. Minnisblað vinnuhóps um athugun á samvinnu í íþrótta- og æskulýðsmálum í uppsveitum Árnessýslu.
   Minnisblað lagt fram.
5. Félagsþjónusta: 133. fundur félagsmálanefndar frá 5. janúar s.l.
   Oddviti kynnti fundargerð 133. fundar félagsmálanefndar. Lagðar eru fram tillögur að breytingum á reglum um félagslega heimaþjónustu í uppsveitum Árnessýslu og Flóa. Hreppsnefnd samþykkir tillögu að breytingum á reglum um félagslega heimaþjónustu og fundargerðina.

***Kynningarmál:***

a. Svæðisráð málefna fatlaðra á Suðurlandi. Ályktun. Lagt fram til kynningar.
b. Skipulags og byggingarfulltrúaembættið: Skipting á kostnaði embættisins 2010. Lagt fram til kynningar.
c. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið. Innanríkisráðuneytið tekur til starfa um áramót. Skipurit. Lagt fram til kynningar.
d. Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla. Ályktun frá stjórnum. Lagt fram til kynningar.
e. Samband íslenskra sveitarfélaga. Greinagerð til mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á kostnaði við rekstur grunnskóla. Lagt fram til kynningar.
f. Samband íslenskra sveitarfélaga. Athugasemdir KÍ við greinagerð óformlegs vinnuhóps um kostnað við Grunnskóla. Lagt fram til kynningar.
g. Samband íslenskra sveitarfélaga. Minnispunktar vegna hagræðingu í skólamálum. Lagt fram til kynningar.
h. MOTUS: Breytingar á nafni Intrum. Lagt fram til kynningar.
i. Fannborg: Skýrsla. Lagt fram til kynningar.
j. Vegagerðin: Staðfesting á móttöku umsóknar í Fjallvegasjóð. Lagt fram til kynningar.
k. Sorpa. Nýtt skráningarkerfi. Lagt fram til kynningar.
l. Velferðarráðuneytið. Ný viðmiðunarfjárhæð vegna eignamarka við útreikning húsaleigubóta. Lagt fram til kynningar.
m. Velferðarráðuneytið. Ný tekju og eignamörk við lánveitingar til leiguíbúða. Lagt fram til kynningar.
n. Athugasemdir Héraðsskjalasafns Árnesinga við frumvarpi að nýjum lögum um Þjóðskjalasafn Íslands. Lagt fram til kynningar.
o. Vegagerðin: Upplýsingar vegna gildistöku nýrrar reglugerðar um héraðsvegi nr. 774/2010. Lagt fram til kynningar.

***Fundir framundan.***

p. Fundur oddvita og sveitarstjóra með félagsamálastjóra 18.janúar n.k.
q. Skipulagsstofnun. Skipulagsmál og hlutverk kjörinna fulltrúa. Námskeið í Kornhlöðunni, Reykjavík 20.janúar n.k.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.10.